

Sæl Helga

Óskað var eftir álitum Kattavinafélags Íslands (KÍS) á verkefni sem félagið Villikettir vinnur að í bæjarlandi Hafnarfjarðar.

Kattavinafélag Íslands hefur unnið að bættri velferð katta í 39 ár. Tilgangur félagsins er að vinna að betri meðferð katta, standa vörð um að allir kettir njóti þeirrar lögverndar, sem gildandi dýraverndunarlög mæla fyrir um og stuðla að því að allir kettir eigi sér húsaskjól, mat og gott atlæti. Markmið félagsins er að veita köttum þessa þjónustu. KÍS er í samstarfi við sveitarfélögin og annast óskilaketti sem frá þeim koma.

Stjórn KÍS fagnar jákvæðri umræðu um málefni katta og öllum þeim sem vilja vinna að velferð þeirra. Félagið Villikettir starfar að velferð katta eftir öðrum leiðum en Kattavinafélag Íslands sem hefur skilgreind markmið.

Stjórn KÍS styður að villiköttum sé sinnt á þeim slóðum sem þeir hafa valið sér, að því gefnu að:

1. Þar séu upphituð skjól fyrir kettina.
2. Köttunum séu færðar reglulegar matargjafir.
3. Köttunum sé veitt læknisaðstoð eftir þörfum.

Stjórn KÍS hefur efasemdir um að lífsgæði villikatta séu góð í íslenskri veðráttu nema öllum þessum skilyrðum sé framfylgt. Vegalausir kettir eru ávallt kaldir og hraktir þegar kólna fer og dánartíðni verður há, sérstaklega hjá kettlingum.

Fyrir hönd stjórnar Kattavinafélags Íslands, KÍS
Halldóra B Ragnarsdóttir, formaður